

Mótordalurinn og Ítalskir ofur-sportbílar ...

Skoðunarferð til Ítalíu 6 dagar/ 5 nætur



Fararstjóri: Brandur Jón Guðjónsson

Dagsetning: 20. - 25. október 2020

Ítalía – náttúrufegurð, saga, menning, tíska, matur – og ofur-sportbílar! Og já, víst eru þeir snjallir í framleiðslu slíkra tryllitækja, og á tiltölulega afmörkuðu svæði í nágrenni borgarinnar Modena í héraðinu Emilia-Romagna er svæði sem kallast „Mótor-Dalurinn“ vegna þess hversu mörg slík fyrirtæki, bílasöfn og reynsluaksturssvæði eru þar!

Þangað verður farið til þess að skoða bæði söfn og verksmiðjur og farið í heimsókn til **Ducati** vélhjólaframleiðandans og síðan til **Pagani**, **Lamborghini** og **Ferrari** ofurbílaframleiðendanna, auk þess sem kíkt verður á nokkur mjög sérstök bílasöfn – í ökuhermi verður hægt að prufuaka Ferrari Formula 1 bíl, og síðan rúsínan í pylsuenda þessarar ferðar; þeim sem það vilja stendur til boða að kaupa sér prufuakstur á ofur-sportbíl, ef áhugi er fyrir hendi á að aka ósviknum Ferrari eða Lamborghini um stræti Ítalíu!

<https://www.pitlaneredpassion.com/en/>

Síðasta daginn verður svo farið til Mílanó þar sem þátttakendur geta rölt um og skoðað – og verslað – í þessari höfuðborg Ítalskrar hátísku!

Mjög mikið innifalið!

Lágmarks fjöldi 15
manns



Ferðaáætlun:

Dagur 1 - Þriðjudagur, 20. október

Ísland - Ítalía

Flugið með Icelandair frá Keflavík til Kaupmannahafnar og þaðan áfram með SAS til Bologna á Ítalíu. Frá flugvellinum ekið yfir á hótél þar sem snæddur verður kvöldverður.



Dagur 2 - miðvikudagur, 21. október

Pagani bílarnir og Panini safnið

Argentínumaðurinn Horacio Pagani er með sína framleiðslu í Mótordalnum, og þvilíkir glæsivagnar! Þar hefst dagskrá fyrsta dagsins og leggur í raun línurnar fyrir komandi daga – 45 mínútna skoðunarferð um verksmiðjuna og síðan sýningarsalur til þess að berja dýrðina augum!

Eftir hádegið verður farið í heimsókn á Museo Panini nálægt Modena, þar sem sýndir eru einstakir safngripir Umberto Panini, með stóru safni af eðalvögnum frá öllum tímum, aðallega Maserati. Hluti safnsins er tileinkaður mótörhjólum og síðan er þar óvenjulegt en heillandi safn af gömlum dráttarvélum. Þetta einkasafn er til húsa á sveitabænum "Hombre", en þar eru framleiddir lífrænar Parmigiano Reggiano DOP ostar svo að eftir safnskoðunina verður boðið upp á ostasmökkun.



Dagur 3 - fimmtudagur, 22. október

Ducati – Lamborghini

Að loknum morgunverði verður farið til „Borgo Panigale“ til þess að heimsækja safn og verksmiðju Ducati Motors til þess að kynna 90 ára sögu þess fyrirtækis, sem er frægt fyrir stíl, árangur og rannsóknir í leit að fullkomnun. Hægt er að fylgjast með og sjá hvernig alvöru Ducati hjól verður til.



Síðdegis verður farið í heimsókn á Lamborghini safnið og verksmiðjuna í Sant'Agata Bolognese.

Stofnandinn, Ferruccio Lamborghini, ól með sér þann draum að gera hinn fullkomna bíl. Hvort það tókst látum við öðrum eftir að ákveða, en ljóst er að í dag er þetta eitt eftirsóttasta ofur-sportbílamerki heims! – Þarna verður farið um verksmiðjurnar og fylgst með samsetningu tveggja mismunandi bíla



Dagur 4 - föstudagur, 23. október

Ferrari



Ferrari

Þessi dagur hefst á því að skoða heimasafn Enzo Ferrari, þar sem m.a. fæðingarstaður hans og verkstæði föður hans leika stórt hlutverk, en þarna eru líka sýndar ýmsar útgáfur af Ferrari í sérstöku safnhúsi þar sem guli liturinn sem hann valdi sem bakgrunn undir þrjónandi hestinn í merki bílanna spilar skemmtilegt hlutverk. Auk bíla er með margmiðlunarefni sýndar ýmsar myndir úr lífi Enzo Ferrari til þess að kynna einstaklinginn sjálfan, og sem ökupór og bifreiðasmið stóran hluta úr 20 öldinni (f.1898-d.1988).





Gestir safnsins eiga að upplifa spennandi lífsstarf sem byggðist á miklum áskorunum og ríkri ástríðu fyrir hraða, til þess að þekkja betur goðsögnina sjálfa; Enzo Ferrari.

Eftir hádegishléið verður haldið til Maranello til þess að kynnast enn betur sögninni um "Rauðu bílana" því þar var árið 1943 stofnaður einn virtasti bílaframleiðandi í heimi; Ferrari - tákn um hátækni, hraða og nýsköpun!



Þar er hið eiginlega Ferrari bílasafn sem nýlega var algjörlega endurnýjað og er nú með fleiri sýningarsali, þar sem bæði má sjá fortíðina í framleiðslu þeirra, en ekki síður það sem nýjast er hjá þeim í dag, auk þess sem Formúlu 1 sögu fyrirtækisins eru líka gerð góð skil. Þarna er líka möguleiki á að reyna fyrir sér sem Formula 1 bílstjóri um borð í ökuhermi (greiðist sérstaklega - ekki innfalið í verði ferðarinnar).

Dagur 5 - laugardagur, 24. október

Prufuakstur! – og Mílanó

Dagurinn hefst á því að þau sem það vilja, fá, gegn greiðslu, að prufuaka „venjulegum“ Ferrari eða Lamborghini (sjá hér fyrir neðan)!

Síðan verður ekið yfir til Mílanó, stærstu borgar Norður-Ítalíu og höfuðborgar Ítalskrar hátísku. Frjáls tími seinnipartinn til þess að skoða miðborgina með stóru dómkirkjuna, La Scala óperuna og endalausar raðir af verslunum af ýmsu tagi – eða einfaldlega kaffihúsarölt og afslöppun! Deginum lýkur á að ekið verður yfir á hótél í nágrenni Malpensa flugvallarins og snæddur kvöldverður þar.

Dagur 6 - sunnudagur, 25. október

Heim á leið ...

Fyrir fyrsta hanagal þarf að fara út á Malpensa flugvöll til þess að ná í fyrra flug dagsins sem fer yfir til Amsterdam, og þaðan verður svo haldið áfram til Íslands uppúr hádeginu og áætluð landing þar er kl. 15:05



Varðandi mögulegan reynsluakstur á Ferrari og Lamborghini:

Hægt er að velja um mismunandi langan akstur – sjá myndina hér fyrir neðan. Snjallt getur verið að byrja á því að leigja sér 10 mín. akstur til þess að fá tilfinningu fyrir því hvernig þetta virkar, en fara svo jafnvel lengri akstur á þeim bíl sem er efstur á óskalistanum. Aðstoðar-ökumaður fylgir með hverjum bíl, sem sér um að kenna á hann og hjálpa til við að njóta bílsins og stundarinnar sem best 😊

ROAD TEST DRIVE



ROAD TEST DRIVE

458 SPIDER



9 km - 10 min	120 €
12 km - 15 min	170 €
16 km - 20 min	230 €
32 km - 30 min	340 €
65 km - 60 min	600 €
80 km - 90 min	900 €
130 km - 120 min	1100 €

488 SPIDER



9 km - 10 min	150 €
12 km - 15 min	200 €
16 km - 20 min	270 €
32 km - 30 min	380 €
65 km - 60 min	700 €
80 km - 90 min	1000 €
130 km - 120 min	1300 €

HURACAN Performante Spyder



9 km - 10 min	150 €
12 km - 15 min	210 €
16 km - 20 min	290 €
32 km - 30 min	400 €
65 km - 60 min	750 €
80 km - 90 min	1100 €
130 km - 120 min	1400 €

California T HS



9 km - 10 min	100 €
12 km - 15 min	150 €
16 km - 20 min	200 €
32 km - 30 min	300 €
65 km - 60 min	500 €
80 km - 90 min	750 €
130 km - 120 min	900 €

Portofino



9 km - 10 min	120 €
12 km - 15 min	170 €
16 km - 20 min	220 €
32 km - 30 min	330 €
65 km - 60 min	550 €
80 km - 90 min	800 €
130 km - 120 min	950 €

GTC4 LUSO



9 km - 10 min	130 €
12 km - 15 min	190 €
16 km - 20 min	250 €
32 km - 30 min	360 €
65 km - 60 min	650 €
80 km - 90 min	950 €
130 km - 120 min	1300 €


Video



25€

30€

20€ x Passenger


*Ath. þátttakendur þurfa að vera að lágmarki 19 ára og með gilt alþjóðlegt ökuskruteini – Ekið er um götur og vegi í og við Maranello



Þjónusta & verð

Innifalið í verði ferðar:	Flug	20.10.2020: Flug FI 204 Keflavík-Kaupmannahöfn, brottför 07:45 landing 13:00 Flug SK2685 Kaupmannahöfn-Bologna, brottför 17:25 landing 19:30 25.10.2020: Flug KL1628 Malpensa-Amsterdam, brottför 06:25 landing 08:35 Flug FI 507 Amsterdam-Keflavík, brottför 13:10 landing 15:35 <i>Vinsaml. athugið að flugtímar geta breyst.</i>	
	Gisting	5 nætur á fjögurra stjörnu hóteli í takt við áætlun ferðarinnar	
	Matur	Morgunverðir	Innifalið – 4 morgunverðir (ekki í Malpensa síðasta morguninn vegna tímasetningar flugsins)
		Hádegisverðir	Ekki innifalið
		Kvöldverðir	Innifalið – 5 kvöldverðir
	Ferðir	Allur akstur sem þarf til að fylla inn í áætlun ferðar	
	Annað	Heimsóknir samkvæmt dagskrá upptalinni annarsstaðar í þessu skjali og aðgangseyrir á eftirtalda staði: Pagani verksmiðja og sýningarsalur, Ducati verksmiðja og safn; Lamborghini verksmiðja og safn; Panini safnið; Maranello safnið, Ferrari safnið ...	
Farar-stjórn	Brandur Jón Guðjónsson Auk þess enskumælandi leiðsögumaður sem verður með hópnum allan tímann		
Ekki innifalið:	Prufa á Formula 1 ökuhermi (u.þ.b. 10 mín/15€) og Ferrari og Lamborghini reynsluakstur á götum og vegum (sjá upplýsingar og mynd annarsstaðar í þessu skjali) Hádegisverðir Drykkir með kvöldmat Þjóf fé til bílstjóra og erlenda leiðsögumannsins Annað það sem ekki er talið upp í „innifalið”		
Verð:	Verð á mann í tveggja manna herbergi	299.900,- staðgreitt	
	Verð á mann í eins manns herbergi	324.900,- staðgreitt	
Greiðslur og gjalddagar:	Staðfestingargjald: Staðfestingargjald ISK 75.000 þarf að greiða innan 7 daga frá pöntun. Athugið að staðfestingargjald fæst ekki endurgreitt ef til afbókunar af hálfu viðskiptavinar kemur.		Lokagreiðsla: Til að staðgreiðsluverð gildi þarf að greiða ferð að fullu í síðasta lagi 8 vikum fyrir brottför, annars hækkar verð um 5%.
Ábendingar: Lágmarks þátttaka er 15 manns. Ferðaskrifstofan Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir áskilur sér rétt til að hætta við ferð átta vikum fyrir brottför ef þátttaka er ekki næg og mun þá endurgreiða að fullu. Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til. Forfallatrygging er ekki í boði í sérferðum ferðaskrifstofunnar. Í mörgum tilfellum er forfallatrygging innifalin í skilmálum greiðslukorta og/eða heimilis- og fjölskyldutrygginga fólks og er viðskiptavinum bent á að hafa samband við banka sinn eða tryggingarfélag til að kanna stöðu mála. Verð ferðar er háð almennum gengisbreytingum, en breytist ekki eftir að hún er að fullu greidd. Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa má um hér: http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar			

Frekari upplýsingar og skráning í síma 510 9500 eða sendið fyrirspurn á ferdir@fjallakofinn.is
 Farþegar í ferðum Íslandsvina fá sérkjör í útivistarvöruverslunum „Fjallakofans“ í Reykjavík.